

- 17** Við prestaskipti skal fara fram úttekt á bókasafni prestakallsins, og
6. júlí gerir prófastur þá fráfaraandi presti að greiða bætur fyrir, ef á vantar og kenna má vangeymslu hans.

9. gr.

Presti er skylt að lána sóknarbornum bækur úr bókasafni prestakalls síns, sér að bagalaus. Lántakandi er skaðabótaskyldur, þegar bækur skaddast eða glatast. Útlánaskrá skal fylgja hverju bókasafni. Skal prestur leggja kapp á, að bókasafn prestakallsins verði söfnuðinum að sem mestum notum. Prestum er heimilt að lána hver öðrum bækur úr bókasöfnum prestakalla. Heimilt er og að skiptast á bókum úr bókasöfnum, þegar hlutaðeigandi prestar óska þess og bóka-nefnd samþykkir.

10. gr.

Prestum og próföstum er skylt að gefa þær skýrslur um bókasöfn presta-kalla, notkun þeirra og varðveislu, sem biskup fyrirskipar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 6. júlí 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

18
6. júlí

L Ö G

um

utanfararstyrk presta.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir árlega, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, 2—5 prestum, þeim er þjónað hafa embætti a. m. k. 2 ár, styrk til utanfarar með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

18
6. júlí

Styrkur samkvæmt 1. gr. veitist með því skilyrði, að prestur sá, er hans nýtur, dvelji eigi skemur en 4 mánuði erlendis, til að kynnast þar kirkju- og menntalífi eða mannúðarmálum í samráði við kirkjuráð, þegar sett verður. Skal hann síðan flytja í héraði sínu erindi um einhver þau efni, er hann hefir kynnt sér í utanför sinni, og skal að minnsta kosti eitt þeirra birt á prenti eða flutt í útvarp.

3. gr.

Styrkur veitist 2000 kr. hverjum presti. Greiðist helmingur styrks þegar utanför er hafin, en hinn helmingurinn þegar 3 mánuðir eru liðnir frá heimanför.

4. gr.

Prestum þjóðkirkjunnar skal skylt að þjóna endurgjaldslaust prestakalli nágrannaprests sins, allt að 6 mánuðum, meðan hann er í utanför samkvæmt lögum þessum. Og skipta þeir þá með sér verkum eftir því, sem biskup og prófastur mæla fyrir.

Nú verður þjónustu nágrannaprests alls eigi komið við, að dómi kirkjustjórnar, og sér hún þá prestakallinu fyrir prestsþjónustu.

5. gr.

Sæki eitthvert ár fleiri prestar um styrk til utanfarar en heimilt er að veita það ár, sker kirkjustjórnin úr um það, hverjir fái styrkinn.

6. gr.

Eigi má veita sama manni utanfararstyrk oftar en 7. hvert ár, nema sérstaklega standi á. Þeim presti, sem notið hefir utanfararstyrks úr Sáttmálasjóði, má eigi veita styrk samkv. lögum þessum fyrr en 5 ár eru liðin frá því hann fékk styrk úr þeim sjóði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 6. júlí 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.